

Fundargerð
348. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 10. janúar 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Genfarskólinn
4. Fundur með stjórn Vesturlandsdeildar
5. Kjaramál
 - Launaskriðstrygging
 - Vinna við bókun 8 með kjarasamningi við ríkið
 - Fundur með Sambandi íslenskra sveitarfélaga
 - Öryggislistar á LSH
 - Stofnanasamningur á HSA
 - Erindi baklands BSRB til ráðuneytis um hvaða stéttir það eru sem þurfa að hafa styttri starfsævi

Önnur mál

Dagskrá:

1. Fundur settur
Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna og óskaði öllum gleðilegs árs með þökk fyrir gömlu árin.
2. Fundargerð síðasta fundar
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Genfarskólinn 2018

KÁG fór yfir að opið væri fyrir umsóknir fyrir þá sem hefðu áhuga á að fara í Genfarskólann. Genfarskólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfélagunum. Gert er ráð fyrir því að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkalýðshreyfingarinnar. Æskilegt er að þeir þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra í sínu landi. Skólinn er haldinn samhliða Alþjóðavinnuálagningu í Genf og dregur nafn sitt af því. Nemendur kynnst þinghaldinu og Alþjóðavinnuálagningunni ILO. Stofnunin starfar að vinnuálagningu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnst norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Umsóknarfrestur er til 31. janúar, en skólinn hefst með fornámskeiði í Runö í Svíþjóð þann 12. apríl og er síðan í Genf 24. maí til 12. júní. [sjá tölvupóst](#)

4. Fundur með stjórn Vesturlandsdeildar

KÁG gerði grein fyrir að hún og Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri SLFÍ hefðu farið á fund stjórnar Vesturlandsdeildar. Fundurinn var haldinn í framhaldi af fundi með sjúkraliðum á Akranesi. Farið yfir þann ágreining sem var á síðasta aðalfundi deildarinnar. Fram kom á fundinum að aðalfundurinn hafi gengið að mestu leyti mjög vel og venjuleg aðalfundarstörf verið klárð, en síðan hafi orðið ágreiningur undir liðnum önnur mál.

KÁG og JJS taka saman greinargerð þ.s. niðurstaðan er að ekki þurfi að halda framhaldsaðalfund í Vesturlandsdeild.

5. Kjaramál

- Farið var yfir að hagfræðingur BSRB hefði gert grein fyrir að búið væri að reikna út hina svokölluðu launaskriðstryggingu þ.s. leiðréttu á launaskrið á almennum markaði gagnvart opinberum starfsmönnum í takt við ákvarðanir við gerð síðasta kjarasamnings. Niðurstaðan fyrir árin 2013 – 2016 er að engin munur er á launaþróun á almenna markaðnum og starfsmanna sveitarfélaganna, en meðaltals munurinn hjá þeim sem starfa hjá ríkinu er 1,3%. Ljóst er að sá munur er misjafn eftir félögum og á eftir að taka þá umræðu innan BSRB upp á hvernig leiðréttingin muni framkvæmast. SLFÍ hefur óskað eftir því við Gunnar Gunnarsson hagfræðing að hann reikni út eða fái upplýsingar frá Hagstofu Íslands sé það mögulegt um hver mismunurinn er á launaþróun meðal BSRB félaga.
- Rætt var um stöðuna í viðræðunum vegna bókanar 8 (aukið fjármagn í menntunarsjóði SLFÍ) þ.s. ekkert hefur þokast í málinu í mjög langan tíma. Búið er að ítreka ósk um fund með Guðmundi H Guðmundssyni fulltrúa fjármálaráðuneytisins með KÁG til að reyna að þoka umræðunni áfram.
- Farið var yfir fund sem félagið átti með SNS (Sambandi íslenskra sveitarfélaga) um ýmsar bókanir frá síðasta kjarasamningi, sem á eftir að vinna frekar. Ákveðið var m.a. að setja í gang könnun meðal sjúkraliða hjá sveitarfélagunum sem er uppbyggð á svipuðum nótum og sú sem send var á sjúkraliða hjá ríkinu árið 2016. Í framhaldi af fundinum verður farið yfir menntunarkaflann o.fl. bókanir. Einnig var farið yfir útgáfu kjarasamnings félagsins og SNS sem verður á heimsíðu SNS.
- KÁG gerði grein fyrir fundi um öryggislista á LSH með fulltrúum spítalans. Á fundinum var rætt um að inn á listana vantaði raunmönnum í venjulegu árferði þannig að félagið gæti tekið upplýstari ákvörðun um mönnun í verkfalli til að byggja á varðandi samþykkt listanna. Fulltrúar spítalans neita félaginu um slíkar upplýsingar og telja þær ekki nauðsynlegar samkvæmt lögum og þeim kröfum sem

gerðar eru til stjórnenda stofnana. Fram kom á fundinum að fjármálaráðuneytið fari fram á að stofnunin geri ráð fyrir 4 – 6 vikna allsherjarverkfalli. Rætt hefur verið við lögmann félagsins og allt stefnir í að farið verði með málið fyrir Félagsdóm.

- Farið var yfir vinnu sem nú fer fram hjá HSA, en þar er unnið að uppfærslu á stofnanasamningi í samráði við fulltrúa sjúkraliða og félagið. Vinnan er komin vel á veg, en ákveðin atriði hafa enn ekki verið rædd. Stefnt er að fækkun starfslýsinga og aukin áhersla verður á mati á tryggð, ábyrgð o.fl.
- KÁG fór yfir bréf frá bakhópi BSRB varðandi réttindi ákveðinna stétta/hópa til að hefja töku lífeyris fyrr en gert er ráð fyrir í nýju lögunum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna LSR. Fram kom að samkomulag hafi verið innan bakhópsins um að leggja það til að vaktvinnufólk almennt verði undaskilið lengingu á starfsævinni.

6. Komandi formannskjör

Undirbúningur kosninganna ræddur og rætt um að kjörstjórn þurfi fljótlega að koma saman og skipuleggja allan undirbúning.

7. Fulltrúi félagsins í samstarfsnefnd LSH

Lagt til að Eygló Héðinsdóttir (EH) aðaltrúnaðarmaður SLFÍ á LSH Fossvogi verði fulltrúi félagsins í samstarfsnefnd. KÁG hefur samband við EH.

Önnur mál

- Umbun trúnaðarmanna, málið rætt og GÖG falið að taka saman gögn ásamt gjaldkera.

Mál í áframhaldandi vinnslu

1. Ráðstefna um öldrunarmál

1. Fundur 28. nóv. kl. 15:00, vegna undirbúnings að Ráðstefnu um öldrunarmál eftir áramót [Drög að dagskrá](#) Búin að festa ráðstefnusal 19. apríl [Sjá tölvupóst](#)

2. EPN í Færeyjum

Fundi slitið kl. 17.00